

***Borgarráð 23.8.'18: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gagnagrunna á öll svið borgarinnar - R18080134***

Lagt er til að öll svið borgarinnar fari að góðu fordæmi velferðarsviðs og láti útbúa upplýsingagagnagrunna sams konar og Velstat gagnagrunninn. Grunnurinn gerir borgarbúum og blaðamönnum kleift að nálgast tölfræðilegar upplýsingar um þá þjónustu sem heyrir undir sviðið. Slíkur grunnur sparar bæði tíma og fjármuni við úrvinnslu upplýsinga en umfram allt eykur hann gagnsæi í stjórnsýslunni.